

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 130/1964**  
**komudagur 19.4.2004**



**LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími: 591 0300  
Fax: 591 0301  
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,  
v/sjávarútvegsnefndar,  
Austurstræti 8-10.  
150 Reykjavík.

[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 19. apríl 2004.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000 um veiðieftirlitsgjald, 787. mál, afnáám gjalds.

Vísað er til bréfs dags. 6. apríl 2004 þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðieftirlitsgjald, nr. 33/2000, 787. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 2. grein laganna sem fela það í sér að fella gjalddöku samkvæmt greininni niður. Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið byggir það á því að með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða frá árinu 2002 var gert ráð fyrir að viðkomandi gjald félli niður.

Við styðjum að sjálfsögðu þá breytingu sem gert er ráð fyrir með frumvarpinu en leggjum jafnframt til að því verði breytt á þann veg að í 1. grein laganna komi ákvæði um að almenn veiðileyfi verði veitt ótímabundið og að það verði einnig meginreglan um önnur veiðileyfi.

Í 1. grein laga nr. 33/2000 segir að fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni og annarra veiðileyfa sem veitt verða á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða, skuli greiða kr. 17.50

Í 4. grein laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða segir að enginn megi stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Þá segir að veiðileyfi skuli gefin út til árs í senn. Ákvæðið um að veiðileyfi skuli gefin út til árs í senn þarf að fella niður.

Ekki verður séð að það séu nokkur efnisleg rök fyrir því að almenn veiðileyfi séu einungis gefin út til eins árs í senn en ljóst er að það skapar óþarfa fyrirhöfn og kostnað. Þá er ljóst að ekki er þörf á að gefa ýmis sérveiðileyfi út til ákveðins tíma.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri